

## **Stjórnarfundur Prentsöguseturs 31.03.22**

**Fundarstaður:** Prentsögusetur, Laugarvegur 29b. **Fundartími:** 11:00

**Mætt:** Haukur Már Haraldsson, Tryggvi Þór Agnarsson, Katrín Jónsdóttir, Heimir Örn Gunnarsson, Hjörtur Guðnason og Ágúst Guðjónsson. **Forföll:** Grímur Kolbeinsson.

### **Dagskrá fundar:**

1. Myndun nýrrar stjórnar
2. Starfið framundan
3. Önnur mál

#### **1. Myndun nýrrar stjórnar**

Stjórnin skiptir með sér verkum. Haukur Már Haraldsson formaður, Heimir Örn Gunnarsson varaformaður, Katrín Jónsdóttir ritari, Tryggvi Þór Agnarsson gjaldkeri, Hjörtur Guðnason meðstjórnandi, Ágúst Guðjónsson varamaður og Grímur Kolbeinsson varamaður.

#### **2. Starfið framundan**

**Skálholt:** Gert er ráð fyrir að sýningin í Skálholti muni opna í haust 2022. Framkvæmdir standa enn yfir en það styttist í afhendingu á húsnæðinu. Gjaldkeri er búið er að ganga frá greiðslu til Skálholts vegna framkvæmda á húsnæði. Nú þarf að fara að huga að þeim tækjum sem eiga að fara inn á sýningu, fullgera texta sem fara á upplýsingaspjöld, panta sýningarborð osfrv. Við afhendingu á húsnæði eru enn eftir útgjaldaliðir sem snúa að málningarvinnu uppsetningu á lýsingarbúnaði og fleira til að gera rýmið sýningarhæft.

**Gamla prentsmiðjan:** Lagt var til að haldin yrði ein stór tiltektardagur þar sem margir yrðu kallaðir til verks. Þá yrði rýmka á hlutum til að gera sýningarhæft. Það er laust pláss í gám fyrir smáhluti sem við viljum geyma. Þessi tillaga verður lögð fyrir starfshóp Gömlu prentsmiðjunar þegar þau hittast.

**Framtíðarhúsnæði Prentsöguseturs:** Stjórn mun halda áfram að skoða möguleika á framtíðarhúsnæði fyrir Prentsögusetur. Þreifingar eru á húsnæði á Selfossi, formlegar viðræður eru ekki hafnar en stjórnin ætlar að skoða þann möguleika nánar.

#### **4. Önnur mál**

- a. Hjörtur lagði til að hafa voropnun í Gömlu prentsmiðjunni. Sú opnun yrði þá í ákveðinn tíma 1x í viku eins og fyrr hafi verið gert.

Fundi slitið 12:05

Katrín Jónsdóttir, ritari.